

**Ed.**

## **237. Frumvarp til laga**

um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá fjárhagsnefnd.

### 1. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð, og jafnmarga varamenn. Við skipun varamanna skal ákveða, fyrir hvaða aðalmenn hver þeirra um sig skuli taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna eða ef sæti verður laust um stundarsakir.

### 2. gr.

Viðskiptaráð hefur þessi verkefni með höndum:

1. Gerir tillögur til ráðherra um það, á hvaða vörutegundum innflutningur skuli vera háður leyfisveitingum og frá hvaða löndum, en ráðherra setur um þetta ákvæði, eftir að leitað hefur verið álits Verzlunarráðs Íslands og Sambands íslenskra samvinnufélaga.
2. Úthlutar til innflytjenda innflutningi á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og setur þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum, samanber þó lög um Nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944.
3. Ráðstafar gjaldeyri til vörukaupa erlendis samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar svo og til annarra nauðsynja, samanber þó lög um Nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944.
4. Ráðstafar, ef því þykir nauðsyn bera til, farmrými á skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenskra aðila eða á vegum þeirra.
5. Fer með verðlagsáskvarðanir og verðlagseftirlit samkvæmt lögum nr. 3/1943 eða öðrum lögum, sem sett kunna að verða í þeirra stað, og vöruskömmun lögum samkvæmt.

Ráðherra setur Viðskiptaráði starfsreglur.

### 3. gr.

Nýbyggingarráð og Viðskiptaráð skulu sameiginlega útbúa fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti, svo og um, til hvaða landa útflutningurinn fari og frá hvaða löndum innflutningurinn komi. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem best markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna. Mánaðarlega skulu ráðin hafa sameiginlega fundi til þess að endurskoða áætlun þessa og breyta henni svo sem nauðsynlegt kann að vera vegna viðskipta við útlönd og gjaldeyrisástands þjóðarinnar.

#### 4. gr.

Að fráskildum greiðslum fyrir vöruinnflutning, sem er ekki háður leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laga þessara, má engan gjaldeyri láta af hendi án leyfis Viðskiptaráðs, nema séu greiðslur vegna rikissjóðs og banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, þannig að hinn síðarnefndi fái einn þriðja hluta alls gjaldreyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, sem hvor banki fær, getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f. Þó er pósthjórinn heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri eftir reglum, sem ráðherra setur.

#### 5. gr.

Ráðherra setur nánari fyrirmæli í reglugerð um efni þau, er í lögum þessum greinir, þar á meðal um úthlutun innflutnings og um gjaldeyrisleyfi, um gjaldeyrisverzlun, um eftirlit tollmanna til varnar við útflutningi innlands og erlends gjaldmiðils og til tryggingar því, að íslensk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyri, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

Sömuleiðis skýr og ótvíræð fyrirmæli um verkaskiptingu milli Viðskiptaráðs og Nýbyggingarráðs, svo sem um útgáfu gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum, sem veitt eru samkvæmt tillögum hins síðarnefnda og greiddast með gjaldeyri af nýbyggingarreikningi.

#### 6. gr.

Hver sá, er innflutningsleyfi fær, greiði Viðskiptaráði  $\frac{1}{2}\%$  af upphæð þeirri, sem leyfi hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af Viðskiptaráði og framkvæmd þessara laga.

Leyfisgjöld, sem til falla vegna útgáfu innflutningsleyfa samkvæmt tillögum Nýbyggingarráðs, renna til þess, enda sé sá innflutningur greiddur með gjaldeyri af nýbyggingarreikningi.

#### 7. gr.

Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, þar á meðal skilyrðum um leyfi, er Viðskiptaráð setur, varða sektum allt að 100000 krónum. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má og svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar. Upptaka eignar samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

#### 8. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 6. gr. fara að hætti opinberra mála.

#### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1 16. jan. 1943 og önnur ákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

Lög þessi falla úr gildi 1. desember 1946.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar eftir að lög þessi hafa öðlazi gildi, setur ráðherra ákvæði um það, hvaða vörutegundir skulu háðar leyfisveitingum. Skulu þau ákvæði gilda, unz Viðskiptaráð hefur gert tillögur um þetta samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laga þessara.

## Greinargerð.

Fjárhagsnefnd flytur frv. þetta að beiðni viðskiptamálaráðherra, og fylgdu því svolátandi athugasemdir:

„Frv. þetta er að mestu sniðið eftir tillögum nefndar þeirrar, er skipuð var af viðskiptamálaráðuneytinu hinn 9. okt. s.l., en álit hennar er prentað sem fylgiskjal hér á eftir. Aðalefnisbreytingin, sem gerð hefur verið á frv. nefndarinnar, er sú, að 3. gr. er bætt inn í.“

Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um frumvarpið. Einn nefndarmanna (KA) var fjarstaddur þegar málið var afgreitt.

## Fylgiskjal.

### Nefndarálit.

Með bréfi dagsettu 9. október 1945 skipaði viðskiptamálaráðherra neðan-greinda menn í nefnd „til þess að gera tillögur um, hvernig skuli framvegis farið með þau mál, er falin voru viðskiptaráði með lögum nr. 1 16. jan. 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og lögum nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag“:

Jón Mariasson, bankastjóri, formaður.

Svanbjörn Frimannsson, formaður Viðskiptaráðs, tilnefndur af Viðskiptaráði.

Jóhann Þ. Jósefsson, formaður Nýbyggingarráðs, tilnefndur af Nýbyggingarráði.

Eggert Kristjánsson, stórkaupmaður, tilnefndur af Verzlunarráði Íslands.

Eyjólfur Leós, fulltrúi, tilnefndur af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga.

Nefndin tók strax til starfa og kom saman á fyrsta fundinn þann 11. okt. Alls hafa hingað til verið haldnir 11 fundir.

Byrjað var á að fara í gegnum nügildandi lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð og lög um verðlag. Innflutningsmálin og gjaldeyrisleg afstaða þjóðarinnar voru rædd fram og aftur.

Þá kynnti nefndin sér skipulagningu og starfsemi Viðskiptaráðsins og kostnaðinn við rekstur þess.

Á einum fundi nefndarinnar mætti samkvæmt ósk hennar verðlagsstjóri, og gerði hann grein fyrir fyrirkomulagi verðlagseftirlitsins og kostnaðinum við rekstur þess. Bæði formaður Viðskiptaráðs, sem sæti á í nefndinni, og verðlagsstjóri bentu á, að draga mætti verulega úr starfsemi Viðskiptaráðsins sjálfs og verðlagseftirlitsins, sökum hins breytta viðhorfs nú að afloknu stríði, og lækka þannig kostnaðinn til muna.

Nefndin var sammála um, að draga bæri starfsemi alls Viðskiptaráðsins eins mikið saman og frekast væri unnt, vegna hinna breyttu aðstæðna. Meðfylgjandi breytingartillögur miða m. a. að því.

Jóhann Þ. Jósefsson lagði fram í nefndinni tillögur um ný lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð. Þessar tillögur féllst nefndin ekki á. Hins vegar styður Jóhann Þ. Jósefsson til samkomulags þær breytingartillögur, sem fylgja hér með, þó með þeim athugasemdum, sem um getur hér á eftir.

Hinar einstöku breytingartillögur skulu nú skýrðar nokkuð í eftirfarandi greinargerð:

1. gr. — Meiri hluti nefndarinnar kom sér saman um að leggja til, að Viðskiptaráð verði skipað á sama hátt og áður, að öðru leyti en því, að 2. málsgrein 1. gr. nügildandi laga verði felld niður, þó með þeirri breytingu, sem um getur varðandi skipun varamanna.

2. gr. — Þessari grein hefur verið breytt mest.

1. töluliður. Nefndin lítur svo á, að þar sem stríðinu sé nú lokið og Ísland eigi verulegar gjaldeyrisinneignir í erlendum hönkum, sé eðlilegt og heppilegt að rýmka verulega á nügildandi innflutnings- og gjaldeyrishömlum, þ. e. a. s. rétt sé að gefa

innflutninginn eins frjálsan og fært þykir, a. m. k. frá þeim löndum, sem taka á móti greiðslum í sterlingspundum.

Nefndinni þykir rétt, að ráðherra skeri úr um það, í samráði við Viðskiptaráð og fulltrúa frá Verzlunarráði Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufélaga, hvaða vöruinnflutningur skuli vera frjáls og hver ekki á hverjum tíma. Það má gera ráð fyrir því, að listanum yfir þær vörur, sem háðar eru leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, muni þurfa að breyta eftir því, sem gjaldeyrisleg aðstaða landsins og þróun heimsmarkaðarins svo og viðskiptasamningaleg aðstaða þjóðarinnar krefjast á hverjum tíma. Nefndin telur því nauðsynlegt, að Viðskiptaráð fylgist vel með því, hvaða áhrif það hefur á innflutningsmagn einstakra vörutegunda og gjaldeyrisgreiðslur, ef innflutningur verður að verulegu leyti frjáls. M. a. á slíkum niðurstöðum yrði svo að byggja það, hversu viðtækur listinn yfir innflutninginn, sem háður væri leyfisveitingum, væri á hverju tímabili. — En nefndin er þeirrar skoðunar, að vöruinnflutningur til landsins skuli ætíð vera eins frjáls og aðstæður frekast leyfa.

2. og 3. töluliður. Breytingarnar eru hér aðeins til að samræma þessa liði við lög um Nýbyggingarráð frá 24. nóvember 1944.

4. töluliður. Inn í þennan lið, sem er 2. liður 2. gr. í núgildandi lögum, var bætt „... ef því þykir nauðsyn bera til ...“ Nefndin lítur svo á, að ráðstöfun farmrýmis muni, þegar frá liður, ekki verða nauðsynleg nema á vissum sviðum og því sé rétt að losa nokkuð um núgildandi ákvæði.

5. töluliður. Hér var breytt um lagatiltvitnun og sett inn tiltvitnun í núgildandi verðlagslög.

Nefndin leggur til, að 5. töluliður í núgildandi lögum verði felldur niður, þar sem innkaupastarfsemi Viðskiptaráðs þegar er að mestu hætt og ekki þykir sennilegt, að slík innkaup verði nauðsynleg á næstunni.

3. gr. — Fyrstu málsgrein þessarar greinar hefur verið breytt í samræmi við þær breytingar, sem að ofan getur.

4. gr. — Þar sem Viðskiptaráð heyrir beint undir viðskiptamálaráðuneytið og nán samvinna milli þessara stofnana verður að teljast nauðsynleg og sjálfsgöð, telur nefndin, að það sé eðlilegt, að ráðherra en ekki öll ríkisstjórnin setji reglugerð um starfsemi Viðskiptaráðs.

Þá telur nefndin nauðsynlegt, að settar verði ákveðnari reglur um verkaskiptingu milli Viðskiptaráðs annars vegar og Nýbyggingarráðs hins vegar heldur en nú eru í gildi, svo að komizt verði hjá árekstrum milli þessara stofnana í framtíðinni.

5. gr. — Nefndin er sammála um að leggja til, að bætt verði við greinina ákvæði um það, að leyfisgjöld af þeim innflutningsleyfum, sem veitt eru samkvæmt tillögum Nýbyggingarráðs, renni til þess.

8. gr. — Með því að gera má ráð fyrir, að viðskiptaskilyrði yfirleitt muni breytast nokkuð á komandi ári og með tilliti til þess, hversu erfitt er að sjá fyrirfram þróun atvinnumála og heimsviðskipta sem stendur, þykir nefndinni rétt að leggja til, að lögum þessum verði sett þetta tímatakmark. Á þann hátt vill hún tryggja, að endurskoðun laganna fari fram innan eins árs.

Ákvæði til bráðabirgða. — Þar sem væntanlegt Viðskiptaráð verður skipað fyrst þegar núgildandi lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð eru gengin úr gildi, eða 1. des. n. k., en fyrsta verk hins nýja Viðskiptaráðs yrði að gera tillögur til ráðherra um það, hvaða vöruinnflutningur skuli vera háður leyfisveitingum og hver ekki, og þar sem í þriðja lagi undirbúningur slíkra tillagna mun taka nokkurn tíma, þykir nefndinni rétt að leggja til, að ráðherra hafi bráðabirgðalista um þetta tilbúinn strax og Viðskiptaráð tekur til starfa, þ. e. a. s. 1. n. m., til að tryggja eðlilega afgreiðslu mála, á meðan Viðskiptaráð gengur frá tillögum sínum.

Í sambandi við þá rýmkun á innflutningshömlunum, sem gert er ráð fyrir í tillögunum, vill nefndin leggja sérstaka áherzlu á, að hún telur nauðsynlegt að hafa

strangt eftirlit með því, að slík tilslökun geti ekki haft misnotkun á gjaldeyri í för með sér, þannig að fé verði flutt út úr landinu í skjóli frjáls vöruinnflutnings, en verði notað til annarra hluta en vörukaupa til landsins. Nefndin álitur, að bankarnir, sem hafa gjaldeyrisverzlunina með höndum, verði sameiginlega að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öruggt eftirlit.

Tveir nefndarmenn, formaður og Svanbjörn Frimannsson, lita svo á, að gera þurfi enn fremur sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að aukið frjálsræði í vöruinnflutningnum leiði til skuldasöfnunar í útlöndum, þannig að íslenskir innflytjendur kaupi vörur til landsins gegn greiðslufresti. Komið gæti til mála að banna í þessum tilgangi allan innflutning til landsins, nema greiðsla fari fram um leið. Þó kynni slíkt bann að hafa vissar óheppilegar afleiðingar og mætti e. t. v. ná nægilegri tryggingu gegn skuldasöfnun í útlöndum í sambandi við vöruinnflutninginn með öðru móti. En þessir nefndarmenn lita svo á, að þeir innflytjendur, sem kunna að þurfa rekstrarlána við, eigi heldur að fá þau hjá innlendum lánsstofnunum en erlendum útflytjendum.

Jóhann Þ. Jósefsson lætur eftirfarandi getið:

„Ég hef ekki getað orðið sammála öðrum nefndarmönnum um skipun Viðskiptaráðs; tel ég, að 1. gr. eigi að orðast svo sem hér segir:

„Viðskiptaráð skal skipað 4 mönnum og 4 til vara. Skal viðskiptamálaráðherra skipa þá í starfið að fenginni tilnefningu stjórnmalaflokkanna fjögurra. Skulu þeir fara með öll mál sameiginlega. Viðskiptamálaráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins, og ræður hans atkvæði úrslitum, ef ágreiningur verður í ráðinu“

Að öðru leyti er ég mörgu samþykkur í uppkasti nefndarinnar, en þó með fyrirvara, sem ég mun gera nánari grein fyrir við meðferð málsins.“

Tveir nefndarmenn, Eggert Kristjánsson og Eyjólfur Leós, álita, að eðlilegt væri, að Verzlunarráð Íslands og Samband íslenskra samvinnufélaga tilnefndu einn mann hvort í Viðskiptaráð, en með tilliti til hins stutta tíma, sem ráðgert er að Viðskiptaráðið starfi, þá gera þeir það ekki að sérstöku ágreiningsefni.

Reykjavík, 16. nóvember 1945.